

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Grundarfjarðarbæ, nr. 636/2008.

1. gr.

2. mgr. 24. gr. lögreglusamþykktarinnar orðast svo:

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar eru áfengisveitingar á umfangslitlum og umfangsmiklum áfengisveitingastöðum (flokkur II og III) heimilar frá kl. 06.00 til kl. 01.00 virka daga og til kl. 04.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar, hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, 18. maí 1998 og reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. desember 2008.

Björn Bjarnason.

Halla Bergþóra Björnsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2008